

# Hörgársveit

# Fréttabréf

4. árg., 5. tbl., 6. mars 2013

## UPPLÝSINGAFUNDUR um úrgangsmál

miðvikudaginn 13. mars 2013 í Hlíðarbæ

### Dagskrá:

- 1) Fundarsetning: **Hanna Rósa Sveinsdóttir**
- 2) Kynning á „Skipulag sorphirðu“ og kostnaður við úrgangsmál:  
**Guðmundur Sigvaldason**
- 3) Skipulag úrgangsmála í héraðinu: **Ólöf Harpa Jósefsdóttir**,  
forstöðumaður Flokkunar ehf.
- 4) Almenn sorphirða í sveitarfélaginu: **Helgi Pálsson**, rekstrarstjóri  
Gámaþjónustu Norðurlands ehf.
- 5) Fyrirspurnir og umræður
- 6) Fundarslit

**Hörgársveit**

**Sími:** 461 5474 **Fax:** 461-5475

**Netfang:** horgarsveit@horgarsveit.is

**Póstfang:** Þelamerkurskóli, 601 Akureyri

**Veffang:** www.horgarsveit.is

## Spjallfundur ferðapjónustuaðila

Ferðapjónustuaðilum í Hörgársveit er boðið til spjallfundar í Leikhúsinu, Möðruvöllum fimmtudaginn 14. mars kl. 15<sup>00</sup>

Samræður og skoðanaskipti geta oft leitt góða hluti af sér. Allir sem sinna ferðapjónustu í Hörgársveit eru boðaðir á þennan fund, sem verður á fremur óformlegum nótum, en vonandi kveikjan að frekara samstarfi.

Hvar liggja tækifærin?

Hvar eru samstarfsmöguleikar?

Menningar- og atvinnumálafulltrúi



## Aðalfundur UMF Smárans

Aðalfundur Umf. Smárans verður haldinn í Leikhúsinu á Möðruvöllum þriðjudaginn 12. mars n.k. kl. 20:00.

Auk venjulegra aðalfundarstarfa verður starfið framundan rætt, framtíð félagsins, uppbygging þess og margt fleira.

Allir hvattir til að mæta, nýir félagar sérstaklega boðnir velkomnir.

Stjórnin

## Styrkir til eflingar atvinnulífs

Auglýst er eftir umsóknum um styrk/styrkir til verkefna sem styðja atvinnulíf í Hörgársveit. Með umsókn skal fylgja greinargerð um framkvæmd verkefnisins. Við úthlutun styrkja verður m.a. horft til þess að

- verkefnið skapi störf í sveitarfélaginu
- verkefnið sé vel ígrundað og rökstutt
- verkefni sé umhverfisvænt
- verkefnið auki hróður sveitarfélagsins

Styrkur getur að hámarki numið 50% af heildarkostnaði verkefnis.

Umsóknareyðublöð má nálgast á vefnum horgarsveit.is og á skrifstofu Hörgársveitar í Þelamerkurskóla.

Umsóknum skal skilað á skrifstofu sveitarfélagsins eða á netfangið horgarsveit@horgarsveit.is merkt „Styrkumsókn“ fyrir kl. 24<sup>00</sup> þ. 4. apríl.

**Næsti fundur sveitarstjórnar verður 20. mars í Þelamerkurskóla**

Dagskrá fundarins mun birtast á [www.horgarsveit.is](http://www.horgarsveit.is) síðdegis 18. mars